



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reglur / Leiðbeiningar RLS nr. 2/2008 U

Gildistaka 15. apríl 2008

Tilvísun 2007090153

**Verklagsreglur fyrir akstursíþróttir og aksturskeppnir
í samræmi við reglugerð nr. 507/2007**

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. KAFLI	3
INNGANGUR	3
2. KAFLI	4
SKILGREININGAR.....	4
STARFSMENN OG ÁBYRGÐARAÐILAR	5
KEPPNISSKÍRTEINI.....	5
VERKASKIPTING.....	5
BÚNAÐUR ÓKUTÆKJA	6
VIÐURKENND AKSTURSÍÞRÓTTASAMTÖK	6
3. KAFLI	6
ÚTGÁFA LEYFA TIL AKSTURSKÉPPNI	6
ÁBYRGÐARMENN	8
UMSAGNARAÐILAR	9
EFTIRLIT.....	9
FATNAÐUR	9
AKSTUR BARNA.....	9
4. KAFLI	10
MÁLSSKOT	10
5. KAFLI	10
GILDISTAKA	10
VIÐAUKI 1	11
LISTI YFIR VIÐURKENND BARNAMÓTORHJÓL, SBR. 21. GR. RGL. NR. 507/2007 TIL AKSTURSÍÞRÓTTA Á VIÐURKENNDUM, LOKUÐUM SVÆÐUM.....	11
VIÐAUKI 2	13
FIA SPORTING CODE – ÚTGÁFA 2007.....	13
VIÐAUKI 3	14
FIM SPORTING CODE – ÚTGÁFA 2007	14
VIÐAUKI 4	15
TENGLIÐIR	15
VIÐAUKI 5	16
LISTI YFIR KLÚBBA Á VEGUM MSÍ	16
UMSÓKNAREYÐUBLAÐ UM LEYFI FYRIR AKSTURSÍÞRÓTTUM	17

1. kafli

Inngangur

Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli reglugerðar nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni sem gefin var út af samgönguráðherra þann 6. júní 2007. Reglugerðin byggir á 34. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem fjallar um akstursíþróttir og aksturskeppni. Forsenda þess að heimilt sé að taka þátt í atburðum á sviði akstursíþróttar og aksturskeppna er að viðkomandi lúti þeim reglum sem fram koma í lögum og reglugerðum um akstursíþróttir og jafnframt með hliðsjón af verklagsreglum þessum.

Verklagsreglurnar ná yfir hvers konar akstursíþróttir og aksturskeppnir sem stundaðar eru í samræmi við reglugerð nr. 507/2007. Þar með talið eru öll mót, keppnir, æfingar/æfingakeppnir og sýningar á meðhöndlun vélknúinna ökutækja á keppnisbrautum.

Á vegum aðildarféлага Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasambands Íslands, MSÍ, eru stundaðar akstursíþróttir á tveggja og þriggja hjóla ökutækjum og snjósleðum. MSÍ er aðili að alþjóðasamtökum mótorhjólanna, FIM (Federation Internationale de Motocyclisme).

Á vegum aðildarféлага Landssambands íslenskra akstursíþróttafélaga, LÍA, og akstursíþróttanefndar ÍSÍ¹ eru stundaðar akstursíþróttir á ökutækjum með fjórum hjólum eða fleiri. LÍA er aðili að alþjóðasamtökum akstursíþróttamanna, FIA (Federation Internationale de L'Automobile).

Þar sem verklagsreglur þessar stangast á við öryggisreglur FIM og FIA gilda alþjóðlegu reglurnar. Verði breytingar á öryggisreglum FIM og FIA skal endurskoða verklagsreglur þessar.

Í þeim tilfellum sem efnt er til aksturskeppni þar sem ekki eru fyrir hendi öryggisreglur FIM/FIA skal miðað við ströngustu kröfur um öryggi í þeim löndum þar sem viðkomandi keppni er stunduð².

¹ Á einungis við þegar slík nefnd hefur tekið til starfa. Þetta á hvarvetna við í verklagsreglum þessum þar sem akstursíþróttanefnd ÍSÍ er nefnd.

² Sjá til hliðsjónar „Reglement for Motorcykelsport og BMX-sport i Danmark, útgefið af Danmarks Motor Union“: <http://www.dmusport.dk/images/stories/dmu/downloads/reglementer/DMU%20alment%20reglement%202007.pdf>.

2. kafli

Skilgreiningar

Vélknúíð ökutæki

Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem knúin eru af drifhjólum sem eru beintengd við vél, ætluð til aksturs á landi og eigi renna á spori.

Aksturskeppni

Keppni er atburður þar sem vélknúíð ökutæki er notað, hefur keppnislegt gildi og niðurstöður eru birtar sem úrslit. Hver atburður getur staðið saman af einum eða fleiri riðlum, æfingaakstri, tímatöku eða verið skipt niður á svipaðan hátt. Keppni telst hafin á þeirri stundu sem skoðun keppnistækja hefst og stendur yfir þar til úrslit hafa verið birt.

Aksturskeppni felur í sér alla meðhöndlun vélknúinna ökutækja, sem hafa keppnislegt gildi þar sem tími, hraði, leikni eða annað þar sem notkun ökutækisins kallar fram úrslit, hvort sem mörg ökutæki aka á sama tíma eða eitt og sér.

Æfing/æfingakeppni

Hver sá atburður, þar sem æfingar fyrir aksturskeppni fara fram, þar sem reynir á búnað tækisins og leikni og þjálfun ökumanns. Öryggiskröfur skulu vera hinar sömu og þegar um aksturskeppni er að ræða.

Sýning

Hver sá atburður, þar sem geta og afköst vélknúins ökutækis eru sýnd. Öryggiskröfur skulu vera hinar sömu og þegar um aksturskeppni er að ræða.

Ökumaður

Stjórnandi vélknúins ökutækis sem tekur þátt í aksturskeppni með skilmálum MSÍ, akstursíþróttanefndar ÍSÍ eða LÍA.

Ökumaður tekur þátt í aksturskeppni á eigin ábyrgð og eftir þeim reglum/skilmálum sem keppnishaldari setur. Ökumanni skulu kynntir skilmálar tímanlega fyrir þátttöku í keppni og áður en skráning hefst.

Aðstoðarökumaður

Sá sem aðstoðar ökumann í keppnum. Hann lýtur sömu reglum og ökumaður.

Keppnisrá

Skrá um skipulagðar aksturskeppnir ársins, unnin af LÍA, akstursíþróttanefnd ÍSÍ og MSÍ og er gefin út í byrjun hvers árs. Leitast skal við, eftir því sem mögulegt er, að koma aksturskeppnum svo fyrir að þær skarist ekki við aðrar keppnir sem haldnar eru í nágrenni hver við aðra.

Starfsmenn og ábyrgðaraðilar

Öryggisfulltrúi þess sambands sem fer með forræði viðkomandi íþróttagreinar og er tilnefndur af LÍA/MSÍ eða akstursíþróttanefnd ÍSÍ. Hann er einnig ábyrgur gagnvart leyfisveitanda um að farið sé að reglum.

Keppnishaldari er viðurkennt akstursíþróttafélag.

Ábyrgðarmaður/keppnisstjóri er tengiliður keppnishaldara gagnvart öryggisfulltrúa og yfirvöldum.

Brautarstjórar eru ábyrgir fyrir keppnis- og æfingabraut. Þeir hafa umsjón með æfingum/keppnum og sjá til þess að brautin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru og að þeir sem nota brautina til æfinga/keppni uppfylli skilyrði um þátttöku miðað við þær akstursíþróttir sem þar eru stundaðar.

Skoðunarmenn sjá til þess að keppendur og ökutæki þeirra uppfylli reglur viðkomandi keppni og brautar.

Keppnisskírteini

Sá sem tekur þátt í keppni innanlands verður að geta sýnt fram á með óyggjandi hætti að hann uppfylli kröfur til þátttöku. Gilt keppnisskírteini telst fullnægjandi staðfesting á heimild til þátttöku í keppni. Sé handhafi skírteinis yngri en 18 ára skal keppnisskírteini undirritað af foreldrum/forráðamönnum keppanda.

Þeir sem taka þátt í æfingum eru undanþegnir keppnisskírteinum.

Sá sem tekur þátt í keppni erlendis verður að hafa gilt alþjóðlegt keppnisskírteini þar sem þess er krafist.

Verkaskipting

Almennt skal leitast við að aðgreina undirbúning og framkvæmd keppni, eftir því sem við verður komið. Þó má með sérstöku samþykki leyfisveitanda heimila að sami einstaklingur gegni fleiri en einu hlutverki í sambandi við undirbúning og framkvæmd keppni.

Búnaður ökutækja

Ökutæki sem notað er í rallkeppni skal fullnægja ákvæðum reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Umferðarstofu er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um tengingu og ljósstyrk ljóskastara, hraðamæli, hávaða- og útblásturmengun, um að stöðuhemill haldist á þegar hann er tengdur og um fjölda nagla í hjólbarða. Einnig má leyfa hliðarrúður úr plasti sem ekki myndar oddhvasar brúnir þó að það brotni, svo og auglýsingaborða efst á framrúðu.

Undanþága sem Umferðarstofa veitir skal aldrei ganga lengra en kveðið er á um í keppnisreglum LÍA og hávaði frá hreyfli má ekki fara yfir 100 dB þegar mælt er samkvæmt nálægðarmæliaðferð.

Viðurkennd akstursípróttasamtök

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum skal tollstjóri fella niður vörugjald af sérsníðuðum bifreiðum til akstursípróttar á vegum skipulagsbundinna samtaka sem hafa akstursípróttir á verkefnaskrá sinni *og hlotið hafa til þess viðurkenningu dómsmálaráðuneytisins*. Í samræmi við reglugerð nr. 507/2007 um akstursípróttir og aksturskeppni teljast þau félög sem falla undir upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar uppfylla kröfur skv. 16. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum.

3. kafli

Útgáfa leyfa til aksturskeppni

1. Umsókn til lögreglustjóra vegna brautar sem ekki hefur áður verið tekin út eða fengið leyfi

A. Fylgigögn með umsókn

1. Staðfesting á leyfi landeiganda eða eftir atvikum brautareiganda/keppnishaldara.
2. Leyfi sveitastjórnar fyrir svæðinu, sbr. 17. gr. rgl. nr. 507/2007.
3. Úttekt fulltrúa LÍA, MSÍ eða akstursípróttanefndar ÍSÍ.
4. Afrit eða tilvísun í gildandi keppnisreglur, eftir því sem við á.
5. Staðfesting ábyrgðartryggingar, sbr. 8. gr. rgl. nr. 507/2007.
6. Útfærsla á sérstakri öryggis- og björgunaráætlun, sbr. 5. gr. rgl. nr. 507/2007.
7. Nöfn, kennitölur og símar brautarstjóra.

B. Ferill umsóknar

Umsókn berist lögreglustjóra sem gefur út endanlegt starfsleyfi að því tilskildu að gengið hafi verið tryggilega frá öllum öryggisþáttum áður en braut er tekin í notkun.

C. Gildistími leyfis

Leyfi lögreglustjóra gildir í eitt ár, sbr. 3. gr. rgl. nr. 507/2007.

2. Umsókn um notkunarleyfi brautar sem áður hefur fengið starfsleyfi

A. Fylgigögn með umsókn

1. Leyfi sveitarstjórnar, sbr. 17. gr. rgl. nr. 507/2007.
2. Úttekt og umsögn þeirra aðila sem getið er um í 2. gr. rgl. nr. 507/2007.
3. Nöfn, kennitölur og símar brautarstjóra.

B. Gildistími leyfis

Umsókn berist lögreglustjóra sem að uppfylltum skilyrðum gefur út starfsleyfi til eins árs, sbr. 3. gr. rgl. nr. 507/2007.

3. Umsókn um aksturskeppni á vegi

A. Fylgigögn með umsókn

1. Leiðarlýsing ásamt tímaáætlun.
2. Samþykki Vegagerðar og landeigenda eftir því sem við á og sveitarstjórnar ef keppt er utan vega.
3. Umsögn samkvæmt 2. gr. og 5. gr. rgl. nr. 507/2007 um faglegt mat á öryggisþáttum og tillögur um framkvæmd og eftirlit á keppnisstað.
4. Upplýsingar um nöfn, kennitölu og síma eftirtalinna aðila:
 - Öryggisfulltrúa
 - Ábyrgðarmanns
 - Keppnisstjóra
 - Skoðunarmanns.
5. Staðfesting á tryggingum samkvæmt 8. gr. rgl. nr. 507/2007.
6. Staðfesting á hávaðamælingu, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 507/2007.

B. Tímasetning umsóknar

Umsókn skal send lögreglustjóra að minnsta kosti fimm virkum dögum fyrir keppni sbr. 6. gr. rgl. nr. 507/2007.

C. Undanþága vegna aldurs

Sé óskað eftir undanþágu frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur er sótt um það sérstaklega, sbr. 21. gr. rgl. nr. 507/2007.

D. Útgáfustaður leyfis

Að uppfylltum skilyrðum er leyfi lögreglustjóra gefið út í því umdæmi þar sem keppni hefst, sbr. 10. gr. nr. 507/2007.

E. Gildistími leyfis

Leyfi lögreglustjóra er gefið út fyrir hverja keppni fyrir sig, en leyfi fyrir æfingu má gefa út fyrir allt keppnistímabilið, ef um varanlega braut með starfsleyfi er að ræða.

4. Umsókn um aksturskeppni á samþykktri braut

A. Fylgiskjöl

1. Afrit starfsleyfis brautarinnar í gildi.
2. Afrit eða tilvísun í keppnisreglur.
3. Umsögn samkvæmt 2. gr. og 5. gr. rgl. nr. 507/2007 um faglegt mat á öryggisþáttum og tillögur um framkvæmd og eftirlit á keppnisstað. Sérstök björgunaráætlun liggja fyrir.
4. Staðfesting á tryggingum samkvæmt 8. gr. rgl. nr. 507/2007.
5. Upplýsingar um nöfn, kennitölu og síma eftirtalinna aðila:
 - Öryggisfulltrúa

Ábyrgðarmenn

- Keppnisstjóra
- Skoðunarmanns.

B. Undanþága vegna aldurs

Sé óskað eftir undanþágu frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur er sótt um það sérstaklega sbr. 21. gr. rgl. nr. 507/2007.

C. Tímasetning umsóknar

Umsókn með gögnum skal send lögreglustjóra að minnsta kosti fimm virkum dögum fyrir keppni.

Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru fulltrúar MSÍ, LÍA eða akstursíþróttanefndar ÍSÍ.

Eftirlit

Keppnishaldari sem stendur fyrir keppni ber ábyrgð á að keppni, æfingakeppni, æfing eða sýning fari fram samkvæmt reglum þessum.

Skoðunarmaður ber ábyrgð gagnvart búnaði keppenda og ökutækja þeirra.

Brautarstjórar bera ábyrgð á að brautin uppfylli kröfur og leyfi séu í gildi.

Keppnisstjóri ber ábyrgð á þátttakendum, starfsmönnum, keppendum og öllum umbúnaði keppinnar.

Ábyrgðarmaður er aðalfulltrúi keppnishaldara og er tengiliður félags/klúbbs gagnvart öryggisfulltrúa FIA/FIM.

Öryggisfulltrúi er æðsta yfirvald fulltrúa akstursíþróttanna og tengiliður við yfirvöld. Hann skal sjá til þess að fulltrúar keppnishaldara fari að reglum þessum og reglugerð nr. 507/2007 og að alþjóðlegum reglum sé fylgt.

Lögregla sér um eftirlit eftir því sem við á og fylgist með keppnum, æfingum/æfingakeppnum og sýningum.

Lögregla lítur eftir því að gilt leyfi fyrir braut og akstri á vegum sé fyrir hendi og þeim atburði sem þar fer fram. Lögregla getur fylgst með skoðun búnaðar keppenda og ökutækja þeirra, kannað réttindi þátttakenda og hugað að öryggi áhorfenda, starfsmanna og keppenda. Þá getur lögreglan stöðvað keppni ef ekki er farið að reglum.

Fatnaður

Fatnaður ökumanna í akstursíþróttageininum skal vera í samræmi við reglur viðkomandi akstursíþróttanna og þá staðla sem í gildi eru.

Akstur barna

Við akstur barna skal gæta sérstakrar varúðar og fara í einu og öllu eftir reglum MSÍ um útbúnað við akstur og flokkaskipan keppnishjóla.

Hjálmar barna skulu uppfylla kröfur í samræmi við CE-merkingar barnahjalma eða sambærilegar kröfur (Snell-merki).

Aldursmörk, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 507/2007 miðast við fæðingardag umsækjanda sem sækir um undanþágu.

Það er á ábyrgð viðkomandi aðildarfélags MSÍ að barn á þeirra vegum noti hjól sem hæfir aldri barns og hæð.

Óheimilt er að breyta hjólum sem börn innan 13 ára aka.

Skriflegt samþykki foreldra/forráðamanns skal liggja fyrir áður en barn tekur þátt í aksturskeppni.

4. kafli

Málsskot


Um kæru vegna synjunar á heimild til mótshalds á grundvelli 23. gr. reglugerðar 507/2007 fer eftir ákævðum stjórnáráðslulaga nr. 37/1993. Kærum skal beint til samgönguráðuneytisins.

5. kafli

Gildistaka

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni og taka gildi 15. apríl 2008.

Reykjavík, 4. apríl 2008



Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Viðauki 1

Listi yfir viðurkennd barnamótorhjól, sbr. 21. gr. rgl. nr. 507/2007 til akstursípróttá á viðurkenndum, lokuðum svæðum.

Frameiðandi	Módel	Aldur	Rúmm.	Hestöfl	Gangur	Sætishæð	Þyngd	Hjól	Gírar
KTM	50 Mini Adv.	6 ár	49	1,5	2	530	37	10"x10"	Aut
KTM	50 Sen. Adv.	6 ár	49	6	2	650-675	38	12"x10"	Aut
KTM	50 SX	7 ár	49	11	2	650-675	39	12"x10"	Aut
KTM	65 SX	8 ár	65	16	2	750	55	14"x12"	6 gírar
KTM	85 SX	10 ár	85	29	2	865	68	17"x14"	6 gírar
KTM	85 SX	10 ár	85	29	2	900	68	19"x16"	6 gírar
Kawasaki	KLX 110	8 ár	110	5,2	4	625	63	14"x12"	3 gírar
Kawasaki	KX 65	8 ár	64	17	2	760	57	14"x12"	6 gírar
Kawasaki	KX 85	10 ár	84	28	2	840	65	17"x14"	6 gírar
Kawasaki	KX 85	10 ár	84	28	2	870	68	19"x16"	6 gírar
Kawasaki	KLX125	10 ár	125	9	4	870	68	19"x16"	5 gírar
Honda	CRF 50 R	6 ár	49	2,2	4	550	47	10"x10"	3 trinn
Honda	CRF 70 R	7 ár	72	3,6	4	655	58	13"x12"	3 trinn
Honda	CRF 80 R	8 ár	80	6,5	4	734	70	16"x14"	5 gírar
Honda	CRF 100 R	8 ár	99	7,3	4	775	75	19"x16"	5 gírar
Honda	CR 85 R	10 ár	84	28	2	840	65	17"x14"	6 gírar
Honda	CR 85 R L	10 ár	84	28	2	870	68	19"x16"	6 gírar
Yamaha	PW 50	6 ár	49	2	2	485	37	10"x10"	Aut
Yamaha	PW 80	7 ár	79	3,3	2	635	57	14"x12"	3 trinn
Yamaha	YZ 85 LC	10 ár	84	22	2	864	66	17"x14"	6 gírar
Yamaha	YZ 85 LW	10 ár	84	22	2	904	69	19"x16"	6 gírar
Yamaha	TTR 50 E	6 ár	49	2,4 Kw	4	555	54	10"x10"	Aut
Yamaha	TTR 90	7 ár	89	4,1	4	625	63	14"x12"	3 gírar
Yamaha	TTR 125	8 ár	124	7,2	4	775	84	17"x14"	5 gírar
Yamaha	TTR 125	8 ár	124	7,2	4	805	84	19"x16"	5 gírar
Suzuki	JR 50	6 ár	49	1,3	2	460/480/505	37	10"x10"	Aut
Suzuki	JR 80	7 ár	79	5,7	2	685	58	14"x12"	5 gírar
Suzuki	DRZ 110	8 ár	110	5,2	4	625	63	14"x12"	3 gírar
Suzuki	RM 65	8 ár	64	17	2	760	57	14"x12"	6 gírar
Suzuki	RM 85	10 ár	84	21,5	2	850	65	17"x14"	6 gírar
Suzuki	RM 85 L	10 ár	84	21,5	2	875	69	19"x16"	6 gírar
Suzuki	DRZ 125	10 ár	125	9	4	805	84	19"x16"	5 gírar
CH 511Racing	Big wheels	7 ár	49,9	8	2	735	40	14"x12"	Aut
CH 509 Pro	Senior	7 ár	49,8	12	2	678	40	12"x10"	Aut

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

CH 508	Senior	6 ár	49,91	8	2	678	38	12"x10"	Aut
CH 501	Basic	6 ár	49,8	1,5	2	615	35	10"x10"	Aut
CH 507	Junior	6 ár	49,91	8	2	600	38	10"x10"	Aut
LEM	LX 1	6 ár	50	2	2	540	32	8"x8"	Aut
LEM	LX 2	6 ár	50	2,9	2	608	34	10"x10"	Aut
LEM	LX 3	7 ár	50	2,9	2	730	48	15"x12"	Aut
LEM	CX 2	6 ár	49,8	3,2	2	605	34	10"x10"	Aut
LEM	CX 3	6 ár	49,8	3,2	2	730	45	14"x12"	Aut
LEM	Racing RX 3	7 ár	49,8	12,8	2	675	42	12"x10"	Aut
LEM	Racing RX 65	8 ár	64,93	17,4	2	730	56	14"x12"	6 gírar
LEM	Four X-R	7 ár	125	8,5	4	700	56,5	12"x10"	Aut
LEM	Four X Pro	8 ár	125	8,5	4	760	64,5	14"x12"	Aut
LEM	Four X Pro- R	8 ár	125	8,5	4	780	61	14"x12"	Aut

Viðauki 2

FIA Sporting Code – útgáfa 2007

Eins og vikið er að í 1. kafla gilda öryggisreglur FIA, Alþjóðlegu aksturssamtakanna í skipulögðum aksturskeppnum, hér á landi eftir því sem við á. LÍA er aðildarfélag FIA hér á landi og því lúta aðildarfélög LÍA þeim reglum sem FIA gefur út.

Til grundvallar þessum reglum er alþjóðareglur FIA og viðaukar við þær, *International sporting code and appendices*, sem hægt er að nálgast á heimasíðu FIA en slóðin er:

<http://www.fia.com/sport/Regulations/sportcoderegs.html>

-  International Sporting Code - document update: 16.05.2007
-  Rules of the FIA International Court of Appeal - document update: 01.12.2005
-  Appendix H to the Int. Sporting Code - document update: 01.01.2007
- Appendix J to the Int. Sporting Code
-  2007 Appendix K to the Int. Sporting Code - document update: 28.03.2007
-  Appendix L to the Int. Sporting Code - document update: 28.03.2007
-  Appendix M to the Int. Sporting Code - document update: 01.01.2007
-  Appendix O to the Int. Sporting Code - document update: 28.03.2007
-  General Prescriptions - document update: 04.01.2007

Upplýsingar um reglur FIA um fatnað þátttakenda í aksturskeppnum er að finna á heimasíðu FIA á slóðinni:

<http://www.fia.com/sport/Regulations/driverequipregs.html>

Viðauki 3

FIM sporting Code – útgáfa 2007

FIM, Alþjóðlegu mótörhjólasamtökin gefa út reglur um allt er varðar framkvæmd, undirbúning og annað í sambandi við æfingar og keppnir á mótörhjólum.

MSÍ er aðili að FIM og lúta því aðildarfélög MSÍ þeim reglum sem FIM gefur út.

Þessar reglur er að finna á slóðinni: <http://www.fim.ch>. Samþykktir FIM, fjárhagslegar reglur og lög FIM (Sporting Code) eru að finna á slóðinni: <http://www.fim.ch/en/default.asp?item=25#> .

Viðauki 4

Tengiliðir

Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
sími 444 2500, fax 444 2501
www.rls.is
rls@rls.is

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 115
Friðrik Gunnar Gunnarsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn
150 Reykjavík
sími 444 1000, fax 444 1015
www.logreglan.is
fridrik@lrh.is

Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
150 Reykjavík
www.sam.stjr.is
postur@sam.stjr.is

LÍA
Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga
Engjavegi 6
104 Reykjavík
www.lia.is

MSÍ
Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
www.msisport.is/

ÍSÍ
Íþróttasamband og Ólympíusamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
www.isisport.is

Viðauki 5

Listi yfir klúbba á vegum MSÍ

AÍH	Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar	Kristján Geir Mathiesen	kgm@itn.is	
AKS	Akstursípróttaklúbburinn Start	Kristdór Þór Gunnarsson	kristdor@dekkjahollin.is	
AMS	Akstursípróttafélag Mývatnssveitar	Stefán Gunnarsson	stefan@jardbodin.is	www.myvatn.is/sledamot/
BA	Bílaklúbbur Akureyrar	Kristján Þ. Kristjánsson	ba@ba.is	www.ba.is
KK	Kvartmíluklúbburinn, vélhjóladeild	Davíð Ólafsson	dso@simnet.is	www.kvartmila.is
KKA	KKA Akstursípróttafélag	Þorsteinn Hjaltason	th@alhf.is	www.kka.is
MÁ	Mótocrossfélag Árborgar	Auðun Daníelsson	audun@visir.is	http://mxarborg.bloggar.is
MFS	Motorcrossklúbbur Snæfellsbæjar	Rúnar Már Jóhannsson	runarmar@simnet.is	
MOS	Motomos, félag	Guðni Friðgeirsson	gudnifrid@gmail.com	www.motomos.is
TTK	TTK Akstursípróttafélag	Alexander Kárason	lexi@lexi.is	
VH	Vélsleðaklúbburinn á Húsavík	Börkur Emilsson	stor13@simnet.is	
VÍF	Vélhjólaiþróttakl. í Fjarðabyggð	Tómas Kárason	vifmoto@simnet.is	
VÍFA	Vélhjólaiþróttafélag Akraness	Jóhann Sigurjónsson	khp@simnet.is	blog.central.is/cross-ak
VÍK	Vélhjólaiþróttaklúbburinn	Hrafnkell Sigtryggsson	vik@motocross.is	www.motocross.is
VÍR	Vélhjólaiþróttafélag Reykjaness	Ásgrímur Pálsson	asgrimur450@simnet.is	
VÍV	Vélhjólaiþróttafélag Vestmannaeyja	Sigurður B. Richardsson	siggibjarni@simnet.is	
VÓ	Vélsleðafélag Ólafsfjarðar	Birgir Guðnason	birgir-gudna@islandia.is	
VS	Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	Jóhannes Þórðarson	helgaey@simnet.is	
ÞÓR	Ungmennafélagið Þór, vélhjóladeild	Sigurður Þorsteinsson	hhuugi@simnet.is	



Umsókn Nr. _____

Umsóknareyðublað um leyfi fyrir akstursípróttum

<veldu viðtökuembætti>

Nafn:	Kennitala:	Netfang:
Heimili:	Sími 1:	Sími 2:
Póststöð:	Sími 3:	Fax:

Ábyrgðarmaður/keppnisstjóri:

Nafn:	Kennitala:	Netfang:
Heimili:	Sími 1:	Sími 2:
Póststöð:	Sími 3:	Fax:

Öryggisfulltrúi:

Nafn:	Kennitala:	Netfang:
Heimili:	Sími 1:	Sími 2:
Póststöð:	Sími 3:	Fax:

Skoðunarmaður:

Nafn:	Kennitala:	Netfang:
Heimili:	Sími 1:	Sími 2:
Póststöð:	Sími 3:	Fax:

Keppnisgrein:

<input type="checkbox"/> Mótorhólakeppni	<input type="checkbox"/> Rallý	<input type="checkbox"/> Kvartmíla	<input type="checkbox"/> Torfæra	<input type="checkbox"/> Vélsleðakeppni
<input type="checkbox"/> Annað:				

Keppnisstaður:

--

Tímasetning keppinnar:

Frá dags.	Frá kl.	Til dags.	Til kl.
-----------	---------	-----------	---------



Umsókn Nr. _____

Gögn sem þurfa að liggja fyrir

Ábyrgðartrygging vegna framkvæmdar keppninnar
Leiðarlýsing og tímaáætlun, ef við á
Samþykki vegamálastjóra, ef við á
Samþykki sveitarstjórnar
Samþykki akstursípróttasamtaka
Afrit eða vísun í keppnisreglur

Áritun lögreglustjóra

Staður og dagsetning

Undirritun umsækjanda